

Fundargerð

195. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn kl. 13.30 mánudaginn 2. okt. 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.

2. Fjárhagsáætlun 2018.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti vinnu við fjárhagsáætlun, þ.e. forsendur Akureyrarbæjar og reynslutölur úr rekstri og lagði fram áætlun sem gerir ráð fyrir 2,55% hækkun á milli ára. Heilbrigðisnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2018.

3. Fráveitumál í Mývatnssveit; staða mála; erindi sveitarstjóra.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi fór yfir málið í stuttu máli og kynnti beiðni sveitarstjóra Skútustaðahrepps um frest til að skila inn umbótaáætlun. Að loknum umræðum var eftirfarandi bókað:

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita sveitarstjórn Skútustaðahrepps frest til áramóta til að skila inn nýrri og endurbættri umbótaáætlun vegna fráveituframkvæmda í þéttbýli við Reykjahlíð, Skútustaði og Voga. Heilbrigðisnefnd gerir kröfu til þess að rekstraraðilar utan þéttbýlis hefjist nú þegar handa við að koma upp tilskyldum hreinsivirkjum vegna eigin fráveitukerfa og fer fram á að framkvæmdum verði lokið fyrir 17. júní 2018.

4. Brennsluofn B. Jensen, Hörgársveit; krafa um rökstuðning og endurupptöku.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi greindi frá erindi lögmanns B. Jensen ehf. þar sem gerð er krafa um rökstuðning og afhendingu gagna vegna ákvörðunar heilbrigðisnefndar frá 7. september s.l. um að synja B. Jensen ehf. um starfsleyfi fyrir brennsluofni á athafnalóð að Lóni í Hörgársveit.

Jafnframt var greint frá erindi sama aðila þar sem krafist er endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar varðandi sama mál. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hafnar kröfu um endurupptöku málsins þar sem forsendur fyrir kröfunni, þ.e. óvissa um niðurstöður útblástursmælinga voru ekki til grundvallar við ákvörðun nefndarinnar.

5. Breytingar á lögum nr. 7/1998; flutningur á fyrirtækjum HNE til UST.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti lagabreytingar sem hafa í för með sér að eftirlit með kjúklingabúi færist frá heilbrigðisnefnd til

Umhverfisstofnunar. Til skoðunar er hvort fyrirtæki á sviði úrgangsendurnýtingar færir einnig á milli eftirlitsaðila.

6. Fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um baðstaði í náttúrunni.

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti álitamál sem hafa komið upp varðandi baðstaði í náttúrunni og fyrirhugaðar breytingar á reglugerð.

7. Úrskurður Matvælastofnunar varðandi Celcius koffín drykk.

Pórey Agnarsdóttir kynnti mál er varðar innflutning og vanmerkingar á drykkjum sem innihalda mikið magn af koffíni. Nýlega féll úrskurður í máli hjá innflutningsaðila sem flytur inn koffín drykk undir nafninu Celcius, þar sem gerð er krafa um ítarlegar viðbótarmerkingar.

Umsagnir:

1. Hólasandslína 3; umsögn um tillögu að matsáætlun.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn um matsáætlun.

2. Skipulags- og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags og gerðar nýs deiliskipulags fyrir fiskeldi á Röndinni á Kópaskeri.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem m.a. er minnt á mikilvægi úrbóta í fráveitumálum.

3. Svartárvirkjun; umsögn HNE til Skipulagsstofnunar.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti drög að umsögn þar sem m.a. er komið á framfæri mikilvægi ítarlegra rannsókna um áhrif virkjunar á lífríki og ásynd svæðisins. Umræða varð um sérstöðu og verndargildi svæðisins.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Kraftbílar ehf., kt. 550713-0200, Lækjarvöllum 3-5, 601 Akureyri. Bifreiðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Áland guesthouse, Bjarnveir Skaftfeld, kt. 040745-2709, Ytra-Álandi, 681 Þórshöfn, gististaður fl.III. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640, Breiðamýri, fl. II umfangslítill veitingastaður. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Jarðböðin hf, kt. 700498-2399, 660 Mývatn. Baðstaður sem nýtir náttúrulegt gufuuppstreymi við Jarðbaðshóla, sem og affallsvatn frá borholum Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
5. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 7 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Afgreiðslu frestað.**
6. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 7a Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Afgreiðslu frestað.**
7. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 8 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Afgreiðslu frestað.**
8. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 8 a Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Afgreiðslu frestað.**

9. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 9 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Afgreiðslu frestað.**
10. Garún Akureyri ehf kt. 700910-0750, gistiþjónusta í frístundahúsum að Kotabyggð 15 og 16, 601 Akureyri, undir nafninu Viking Cottages & Apartments. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Lyf og heilsa ehf kt. 650299-2649, flutningur á lyfjaverslum með sölu á heilsu- og snyrtivörum í rými nr. 43 á Glerlártorgi. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Amber hárstofa ehf., kt. 420817-1340, Hafnarstræti 77, 600 Akureyri, fyrir Amber hárstofu. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Aris hárstofa ehf., kt. 410617-0640, Hafnarstræti 92, 600 Akureyri, fyrir Aris hárstofu. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Modus hárstofa ehf., kt. 4405111-0820, Hörgatúni 15, 210 Garðabæ, fyrir Modus hárstofu á Glerlártorgi, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Dóra Sif Indriðadóttir, kt. 060285-2419, Grundargötu 7, 600 Akureyri; húðgötun á Snyrtistofunni Karisma, Sunnuhlíð, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Fitness Akademían ehf. kt. 660913-2419, Skálatúni 7, 600 Akureyri.; verslun með sölu á heilsutengdum matvælum/fæðubótarefnum. **Samþykkt til 12 mánaða.**

Önnur mál:

-Kvartanir hafa borist vegna losunar á efni og úrgangi við Glerárós í Akureyrarbæ. Heilbrigðisfulltrúa var falið að kanna aðstæður og ræða við Akureyrarbæ um skilyrði og úrbætur.

-Skýrt var frá atviki þar sem rökstuddur grunur vaknaði um sýkingu tveggja einstaklinga eftir neyslu á yfirborðsvatni. Sýni úr viðkomandi læk sýnir mikla mengun af völdum saurkóligerla. Heilbrigðisfulltrúa falið að kanna aðstæður m.t.t. úrbóta og möguleika á að koma fyrir aðvörunarskilti.

-Skýrt var frá samantekt Umhverfisstofnunar um stöðu fráveitumála á Íslandi sept. 2017. Skýrslan er um margt ófullkomin vegna skorts á svörum frá sveitarfélögum. Mikilvægt er að sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar fráveitukerfa geri átak í því að endurbæta fráveitur og koma upp tilskyldum hreinsivirkjum fyrir skólp.

-Skýrt var frá hönnun þjónustumiðstöðvar og áformum um að koma fyrir þurr-salernum við Dettifoss vestan ár á svipaðann hátt og í Vikraborgum. Heilbrigðisnefnd er jákvæð til slíkra lausna. Um meðferð á seyru gilda ákveðnar reglur m.t.t. smitvarna.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.04

Jón Ingi Cæsarsson	Alfreð Schiöth
Lára Halldóra Eiríksdóttir	Þorkell Björnsson
Guðmundur Smári Gunnarsson	Þórey Agnarsdóttir
Hólmfríður G. Jónsdóttir	María Markúsdóttir